



## Bókaunnandinn

Eitt er mjög undarlegt við suma foreldra. Þá á ég við þá foreldra sem finnst alltaf að börnin þeirra séu framúrskarandi á öllum sviðum, jafnvel þegar augljóst er að það er fjarri lagi.

Sumir foreldrar ganga jafnvel enn lengra. Þeir eru svo blindir í aðdáun á börnum sínum að þeir sannfæra sig um að þau séu algjörir snillingar.

Jæja, það er ekkert hægt að segja við þessu. Svona er þetta bara. Samt er að bera í bakkafullan lækinn þegar þessir foreldrar fara að segja okkur frá því hversu mjög börn þeirra bera af, þessi pirrandi smælki! Þá er ekki annað hægt en að hrópa í kór: „Komið með bala! Við þurfum að æla!“



Kennarar þurfa að setta sig við að hlusta á svona endemis bull frá hreyknum foreldrum, en oftast ná þeir að hefna sín þegar þeir gefa nemendum sínum umsögn í lok skólaársins. Ef ég væri kennari, myndi ég búa til rosalegar umsagnir um börn þessara heimskulegu og sjálfsánægðu foreldra. „Marbendill, sonur ykkar, er fullkominn gallagripur. Ég vona að fjölskyldan reki eigið fyrirtæki sem hægt er koma honum fyrir í, því ekki mun hann fá vinnu annars staðar,” myndi ég skrifa. Eða, ef ég væri voðalega ljóðrænn í mér, gæti ég sagt: „Eins undarlegt og það nú er hafa engisprettur eyru á maganum. Hinsvegar virðist Klói, dóttir ykkar, alveg laus við að hafa eyru, svona þegar litið er til námsárangurs á þessu skólaári.”



Ég gæti jafnvel farið aðeins meira út í náttúrufræðina og sagt: „Söngtífan eyðir sex árum ævi sinnar sem lirfa ofan í jörðinni, en aðeins sex dögum sem frjálst kvikindi sem nýtur sólarljóss og lofts. Sonur ykkar, Slöttólfur, hefur varið sex árum sem lirfa í þessum skóla og við bíðum enn eftir að hann komi sér út úr púpunni.” Alveg einstaklega illgjörn stúlka gæti fengið mig til að skrifa: „Eins hratt og hafís bráðnar, bræðir fegurð Fíólínu alla, en ólíkt hafisnum virðist ekkert



vera undir yfirborðinu.“ Ég held að ég myndi skemmta mér vel við að skrifa umsagnir um þessa skrattakolla í bekknum mínum. En nóg í bili. Við verðum að halda áfram.

Fyrir kemur að maður hittir foreldra sem eru algjör andstæða þessa sem ég var að tala um, það eru þeir sem sýna börnum sínum engan áhuga og auðvitað er það miklu verra en hitt. Mylla og Hrappur voru þannig foreldrar. Þau áttu son sem hét Mikael og dóttur sem hét Matthildur og þau höfðu svipað álit á henni og að um hvítleitt hrúður væri að ræða. Hrúður er eitthvað sem maður verður að setta sig við þangað til hægt er að skrapa það af og fleygja. Mylla og Hrappur hlökkðu mikið til þess þegar þau gætu tekið litlu dóttur sína og fleygt henni í burtu, helst af öllu yfir í næsta þorp og jafnvel lengra.



Nógu slæmt er þegar foreldrar koma fram við venjuleg börn eins og þau séu hrúður eða hælseri, en það verður einhvern veginn mun verra þegar barnið er afburðabarn, og þá á ég bæði við næmi og gáfur. Matthildur var vel gerð stúlka, en sérstaklega var hún þó eldklár. Hugur hennar var svo frjór og hún var svo fljót að læra að allir hefðu átt að taka eftir þessum einstöku hæflekum, jafnvel allra kjánalegustu foreldrar. En Mylla og Hrappur voru bæði svo hégómleg og upp tekin af sjálfum sér að þau tóku ekki eftir neinu sérstöku í fari dóttur sinnar. Í sannleika sagt efast ég um að þau hefðu tekið eftir því þótt Matthildur hefði skriðið fótbotin inn í húsið.



Mikael, bróðir Matthildar, var fullkomlega eðlilegur strákur, en eins og ég sagði var systir hans alveg einstök. Þegar hún var eins og hálfis árs var hún altalandi og með svipaðan orðaforða og flestir fullorðnir. En í stað þess að hrósa henni, kölluðu foreldrar hennar hana háværa skellibjöllu og sögðu henni hastarlega að litlar stúlkur ættu að sjást en ekki láta heyra í sér.

Þegar Matthildur var þriggja ára kenndi hún sjálfri sér að lesa með því að skoða fréttablöð og tímarit sem lágu á víð og dreif um húsið. Þegar hún var fjögurra ára gat hún lesið hratt og vel og auðvitað fór hana að langa til að lesa bækur. Eina bókin á þessu upplýsta heimili bar titilinn Auðvelt í matinn og þegar Matthildur hafði lesið bókina spjaldanna á milli og lært allar uppskriftirnar utan að, ákvað hún að nú þyrfti hún að lesa eitthvað áhugaverðara.





„Pabbi,“ sagði hún, „heldurðu að þú getir keypt handa mér bók?“

„Bók!“ sagði hann. „Hvers vegna þarftu einhverja fjárans bók?“

„Til að lesa, pabbi.“

„Hvað er þetta, er ekki nóg að horfa á sjónvarpið? Við eigum dásamlegt 60 tommu sjónvarp og núna kemur þú bara og biður um bók! Það er alltof mikið látið eftir þér, dekurrofa!“

Nánast hvern einasta eftirmiðdag var Matthildur skilin ein eftir heima. Bróðir hennar (sem var fimm árum eldri en hún) gekk í skóla. Pabbi hennar fór í vinnuna og mamma hennar fór að spila bingó í næsta þorpi í 12 kílómetra fjarlægð. Mylla var algjörlega háð bingói og spilaði það alla virka eftirmiðdaga. Daginn sem pabbi Matthildar neitaði að gefa henni bók hélt hún ein af stað gangandi í bókasafnið í þorpinu. Þegar þangað var komið kynnti hún sig fyrir bókaverðinum, henni Eddu. Matthildur bað um að fá að setjast niður um stund og lesa í bók. Eddu var örlítið brugðið að

svona lítil stúlka væri komin ein í bókasafnið, en engu að síður bauð hún hana velkomna.

„Geturðu sagt mér hvar allar barnabækurnar eru?“ spurði Matthildur.

„Þær eru þarna í lægri hillunum,“ svaraði Edda. „Viltu að ég hjálpi þér að finna góða bók með fullt af myndum?“

„Nei takk,“ sagði Matthildur. „Ég get það sjálf.“

Upp frá þessu rölti Matthildur í bókasafnið á hverjum eftirmiðdegi þegar mamma hennar var farin í bingó. Það tók hana bara tíu mínútur að rölja þetta og síðan gat hún setið í notalegu horninu í tvær ljúfar klukkustundir í rólegheitum með sjálfri sér og drukkið í sig hverja bókina á fætur annarri. Þegar hún hafði lesið allar barnabækurnar á staðnum byrjaði hún að leita að einhverju nýju að lesa.

Edda hafði fylgst með Matthildi síðustu vikur af aðdáun, en nú gekk hún til hennar. „Get ég aðstoðað þig, Matthildur?“ spurði hún.

„Ég er bara að velta fyrir mér hvað ég ætti að lesa næst,“ sagði Matthildur. „Ég er búin að lesa allar barnabækurnar.“

„Meinarðu að þú sért búin að skoða myndskreytingarnar?“

„Já, en ég er líka búin að lesa allan textann.“

Edda horfði á Matthildi úr sinni miklu hæð og Matthildur horfði upp til hennar.

„Mér finnst sumar þeirra hræðilega lélegar,“ sagði



Matthildur, „en aðrar eru dásamlegar. Mér finnst Leynigarðurinn besta bókin. Hún er leyndardómsfull.

Herbergið bak við læstu dyrnar er dularfullt og garðurinn bak við stóra vegginn er líka dularfullur.

Edda varð agndofa. „Hvað ertu aftur gömul, Matthildur?“ spurði hún.

„Fjögurra ára og þriggja mánaða,“ sagði Matthildur.

Edda varð meira hissa en hún hafði nokkru sinni verið en lét ekki á neinu bera. „Hvers konar bók viltu lesa næst?“ spurði hún.

„Ég myndi vilja lesa virkilega góða bók fyrir fullorðna. Einhverja fræga. Ég veit ekki hvað þær heita,“ svaraði Matthildur.

Edda leit yfir hillurnar dagóða stund. Hún vissi ekki alveg hvaða bók hún ætti að velja. Hvernig fer maður að því að velja frægt skáldverk fyrir fjögurra ára stúlkubarn, spurði hún sjálfa sig. Henni kom fyrst í hug að velja einhverja ástarsögu ætlaða ungmennum, fyrir kannski 15 ára lesendur, en af einhverri ástæðu ákvað hún að ganga fram hjá þeirri hillu.

„Prófaðu þessa?“ sagði hún að lokum. „Hún er mjög fræg og mjög góð. Láttu mig vita hvort hún er of löng fyrir þig og þá finn ég einhverja styttri og auðveldari.“

„Glæstar vonir,“ las Matthildur, „eftir Charles Dickens. Mig langar mikið að prófa að lesa hana.“

Ég hlýt að vera klikkuð, sagði Edda við sjálfa sig, en við Matthildi sagði hún: „Alveg sjálfsagt að þú fáið að spreyta þig.“

Næstu eftirmiðdaga gat Edda varla hætt að fylgjast með litlu telpunni sem sat klukkustundum saman í stóra hægindastólnum í ytri enda salarins með opna bók í kjöltu sinni. Litla telpan varð að láta þunga bókina liggja í kjöltu sinni, en það þýddi að hún varð að halla sér yfir bókina þegar hún las hana. Og þvílík sjón að sjá þessa dökkhærðu veru sem sat þarna, svo lítil að fótleggirnir náguðust ekki einu sinni gólfid og svo djúpt sokkin í skemmtileg ævintýri PIPPS og frú Havisham, köngulóarvefina í húsi hennar og þá mögnuðu töfra sem Dickens, sagnamaðurinn mikli, kunni að spinna úr orðum. Litla stúlkan bærði bara á sér þegar hún fletti blaðsíðunum og Eddu leið alltaf svolítið illa þegar hún þurfti að ganga yfir til hennar og segja: „Matthildur, klukkuna vantar tíu mínútur í fimm.“

Stuttu eftir að Matthildur fór að venja komur sínar á bókasafnið, hafði Edda spurt hana: „Fylgir mamma þín þér á bókasafnið og aftur heim á hverjum degi?“

„Mamma mín fer í næsta þorp á hverjum degi til að spila bingó,“ hafði Matthildur svarað. „Hún veit ekki að ég kem hingað.“

„Það er nú ekki nógu gott,“ sagði Edda. „Það væri réttast hjá þér að segja henni frá því.“

„Ég vil það helst ekki,“ sagði Matthildur. „Hún er ekki hrifin af bóklestri. Ekki heldur pabbi.“

„En hvað ætlast þau til að þú hafir fyrir stafni á hverjum eftirmiðdegi, alein í húsinu?“

„Bara hanga og gera ekki neitt, horfa kannski á sjónvarpið.“

„Nú, já.“

„Henni er alveg sama hvað ég geri,“ sagði Matthildur og það mátti heyra örlítinn trega í röddinni.

Edda hafði áhyggjur af því að svona ungt barn væri eitt á gangi eftir jafn fjölfarinni götu og Aðalgötu, hvað þá að hún væri ein að fara yfir götuna, en ákvað að skipta sér ekki af því.

Á innan við viku var Matthildur búin að lesa bókina Glæstar vonir sem var heilar fjögurhundruð og ellefu síður. „Þetta er dásamleg bók,“ sagði hún við Eddu. „Skrifaði Charles Dickens fleiri bækur?“

„Heilan helling,“ svaraði Edda alveg steinhissa.

„Á ég að ná í nýja bók fyrir þig?“



Næsta hálfa árið las Matthildur eftirtalda bókatitla,  
undir vökulu og gæskufullu eftirliti Eddu:

*Nikulás Nickleby* eftir Charles Dickens  
*Oliver Twist* eftir Charles Dickens  
*Jane Eyre* eftir Charlotte Brontë  
*Hroki og hleypidómar* eftir Jane Austin  
*Tess af D'Urberville-ættinni* eftir Thomas Hardy  
*Í greninu* eftir Mary Webb  
*Kim* eftir Rudyard Kipling  
*Ósýnilegi maðurinn* eftir H. G. Wells  
*Gamli maðurinn og hafið* eftir Ernest Hemingway  
*Fimbulglamur* eftir William Faulkner  
*Þrúgur reiðinnar* eftir John Steinbeck  
*Góðu félagarnir* eftir J. B. Priestley  
*Kletturinn í Brighton* eftir Graham Greene  
*Dýrabær* eftir George Orwell

Listinn var tilkomumikill og nú var Edda orðin full undrunar og ákafa. Það var eins gott að hún hefði hemil á sjálfri sér. Hver sá sem yrði vitni að öðrum eins lestrarafrekum hjá svo ungum lesanda myndi hæglega freistast til að gera þau opinber og vilja að sem flestir vissu af þessu, en Edda hélt ró sinni. Hún gætti að sér og var löngu búin að átta sig á að best væri að skipta sér ekki af annarra manna börnum.

„Hann Hemingway segir margt sem ég skil hreinlega ekki,“ sagði Matthildur við hana. „Sérstaklega um

karla og konur. En mér finnst hann samt skemmtilegur. Hann segir hlutina þannig að mér finnst eins og ég sé á staðnum að fylgjast með öllu.“

„Góðir rithöfundar kunna að beita þessu stílbragði,“ sagði Edda. „Og hafðu engar áhyggjur af því sem þú skilur ekki. Hallaðu þér bara aftur og leyfðu orðunum að dansa í kringum þig eins og tónlist.“

„Það ætla ég sko að gera.“

„Vissir þú,“ sagði Edda, „að bókasöfn lána fólki bækurnar og það má taka þær með sér heim?“

„Það vissi ég ekki,“ sagði Matthildur. „Mætti ég líka fá lánaða bók heim?“

„Að sjálfsgöðu,“ sagði Edda. „Þegar þú hefur valið þá bók sem þú vilt lesa skaltu koma með hana til mín og ég skrái þá útlánið og þú færð að hafa hana að láni í tvær vikur. Og ef þú vilt máttu fá fleiri en eina bók að láni.“





Upp frá þessu fór Matthildur bara einu sinni í viku í bókasafnið, til þess að skila bókum sem hún hafði lesið og fá nýjar. Litla svefnherbergið hennar varð að lesstofu og þar sat hún og las sérhvern eftirmiðdag, oftast með bolla af heitu súkkulaði sér við hlið. Hún var ekki orðin nógu hávaxin til að ná upp á eldhúsborðið, þannig að hún notaðist við lítinn kassa úr skúrnum úti í garði til að geta athafnað sig. Aðallega gerði hún heitt súkkulaði, hitaði mjólkina í potti á eldavélinni áður en hún blandaði hráefnunum út í. Stundum bjó hún til Nesquick eða Swiss Miss. Henni fannst svo notalegt að fara með heitan drykk upp í herbergi og hafa hjá sér þegar hún sat síðdegis alein í þögninni í herberginu í tómu húsinu. Bækurnar fluttu hana í nýja heima og kynntu hana fyrir undraverðu fólki sem lifði ævintýralegu lífi. Hún sigldi á gamaldags seglskipi með Joseph Conrad. Hún fór til Afríku með Ernest Hemingway og til Indlands með Rudyard Kipling. Hún ferðaðist um allan heiminn meðan hún sat í litla herberginu sínu í litla enska sveitabörpinu.